

Upplýsing - Félag bókasafns- og upplýsingafræða

Lágmúla 7, 108 Reykjavík, kt. 571299-3059

<http://www.bokis.is>

Framkvæmdaáætlun stjórnar 2007-2008

- Rekstur félagsins.** Svo sem að svara erindum og fyrirspurnum sem berast. Koma ýmsum upplýsingum sem berast félaginu, til dæmis um ráðstefnur erlendis, á framfæri við félagsmenn um póstlista félagsins, á vef þess og/eða í *Fregnum*. Sinna tengslum við nefndir og halda utan um störf nefnda, fulltrúa, starfs- hópa og áhugahópa sem vinna á vegum félagsins. Skipuleggja, byggja upp og halda við vefsetri félagsins www.upplýsing.is. Viðhalda félagatali og útsendingarlistum *Fregna* og *Bókasafnsins*. Senda út félags- skírteini einstaklinga með marsblaði *Fregna* hvert ár sem veitir 20% afslátt í tilteknum bókaverslunum.
- Áframhaldandi endurskipulagning á starfsemi félagsins** í þá átt að auka verkaskiptingu þannig að ákveðnir stjórnarmenn og/eða félagsmenn taki að sér ákveðin verkefni og/eða verkefni.
- Verklags- og starfsreglur.** Endurskoðun verklags- og starfsreglna félagsins eftir því sem við á.
- Húsnæðismál.** Endurskipulagning húsnæðismála félagsins, finna félaginu annað húsnæði.
- Vefsetur félagsins.** Byggja upp og þróa nýjan vef félagsins sem tæki til miðlunar upplýsinga til félags- manna.
- Fregnir. Fréttabréf Upplýsingar.** Útgáfa og dreifing fréttabréfsins *Fregna*. Endurskoðun útgáfu *Fregna* með tilliti til nýs vefumsjónarkerfis.
- Skjöl og gögn.** Ljúka við að ganga frá og pakka skjölum fyrri félaga og finna þeim geymslustað.
- Stefnumótun og kynningarmál.** Senda stefnu Upplýsingar: *Upplýsingar fyrir alla* til félagsmanna, sveitarstjórnarmanna, fjölmiðla og alþingismanna þegar Alþingi kemur saman í haust. Gera átak í kynningu á íslenskum bókasöfnum m.a. í samvinnu við SFA – Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna og Útvarpsleikhúsið. Kynna á félagið, innanlands sem utan. Gera kynningarbækling um félagið.
- Samstarf við ýmsa innlenda aðila**, svo sem menntamálaráðuneytið, Samráðshóp um upplýsingasamfélagið, Starfsgreinaráð upplýsinga- og fjölmiðlagreina, bókasöfn, stofnanir og fyrirtæki.
- Norrænt og alþjóðlegt samstarf.** Þátttaka í samstarfi formanna og framkvæmdastjóra norrænna bóka- varðafélaga og árlegum fundi þeirra (Nordisk bibliotekmøte) svo og þátttaka í annarri norrænni sam- vinnu eftir því sem við á, til dæmis Nord I&D, NFBN (arftaka NVBF), Norrænu neti um barnabókasöfn og -menningu. Ennfremur þátttaka í evrópsku (s.s. EBLIDA og LIBER) og alþjóðlegu samstarfi (s.s. IFLA) eftir því sem við á hverju sinni.
- Siðareglur.** Taka þátt í norrænu verkefni um siðareglur starfsfólks á bókasöfnum.
- Bókasafnstækni.** Endurskoðun námsefnis í bókasafnstækni.
- Höfundaréttarmál.** Kynna ný höfundalög og gefa út upplýsingabækling um höfundaréttarmál þegar reglugerð sú sem fylgja á lögunum hefur verið gefin út.
- Landsfundur Upplýsingar 2008.** Standa að Landsfundi Upplýsingar í samvinnu við landsfundarnefnd.
- Samráðsfundur.** Halda samráðsfund með fulltrúum nefnda og fulltrúum félagsins í nefndum og ráðum um starfsemi félagsins og innra starf þess. Slíkan fund skal að jafnaði halda annað eða þriðja hvert ár.
- Endurmenntun starfsfólks á bókasöfnum**, m.a. í samstarfi við Endurmenntun HÍ og aðra aðila eftir því sem við á. Standa fyrir fræðslufundum fyrir félagsmenn.
- Efling félagsstarfs.** Stefnt er að því að jólagleði, vorferð/haustferð og fræðslufundir verði fastir þættir í félagsstarfinu. Ennfremur kynningar á lokaprófsritgerðum, s.s. meistaraþrófsritgerðum.
- Afsláttarkjör fyrir félagsmenn.** Stjórn Upplýsingar hefur á stefnuskrá sinni að félagsmenn njóti betri kjara en utanfélagsmenn á þeim námskeiðum og viðburðum sem staðið er fyrir innan vébanda félagsins. Miðað er við a.m.k. 20% afslátt.

f.h. stjórnar Upplýsingar - Félags bókasafns- og upplýsingafræða
Þórdís T. Þórarinsdóttir formaður
15. maí 2007

Upplýsing varð til 1. janúar 2000 við sameiningu íslenskra bóka- varðafélaga og er fagfélag á sviði bókasafns- og upplýsinga- fræða, m.a. með það markmið að gangast fyrir faglegri umræðu, efla skilning á mikilvægi íslenskra bókasafna og upplýsinga- miðstöðva í þágu menningar, menntunar og vísinda og efla samvinnu þeirra.